

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 29/1998

**Auglýsing Logalands ehf. á Kyolic**  
**„Hver er munurinn á Kyolic og öðrum hvítlauksafurðum?“**

**I.**

**Málavextir**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 26. febrúar 1998, þar sem Eðalvörur ehf. kvarta yfir auglýsingu Logalands ehf. á Kyolic, sem birtist í Morgunblaðinu 26. febrúar sl. Fyrirsögn auglýsingarinnar er:

*„Hver er munurinn á Kyolic og öðrum hvítlauksafurðum?“*

Þá segir í auglýsingunni:

*„Hvítlaukurinn sem notaður er í **Kyolic** hvítlauksafurðina er lífrænt ræktaður. Að ræktun lokinni fer hann í gegnum 20 mánaða háþróað framleiðsluferli sem kallast kaldþroskun. Í þessu ferli umbreytast ertandi efnasambönd hvítlauksins í mild lyktarlaus efni án þess þó að eiginleikar hráefnisins skerðist. Útkoman er einstök stöðluð hvítlauksafurð.“*

Í erindi Eðalvara segir að í auglýsingunni sé gefið til kynna að hún eigi að greina frá mismun á Kyolic og öðrum hvítlauksafurðum. Gefið sé í skyn að fullyrðingarnar í auglýsingunni eigi einungis við Kyolic, en ekki aðrar hvítlauksafurðir. Í erindinu segir m.a. um auglýsinguna:

*„Þarna er ranglega gefið í skyn að enginn annar hvítlaukur sé lífrænt ræktaður. Undirritaður hefur sannað að Kjarnahvítlaukur er lífrænt ræktaður...“*

Um svokallaða kaldþroskun hvítlauks segir í erindi Eðalvara að a.m.k. eitt ítalskt fyrirtæki noti sömu aðferð. Þá segir um áhrif vinnsluferlis á eiginleika hráefnisins að hvítlaukur sé m.a.:

*„...þekktur fyrir að vera veiru og bakteríudrepandi auk þess sem hann drepur óæskilega sveppi. Þetta stafar af hinu virka efni „Allicin“, sem er mjög rokgarnt og hverfur m.a. við suðu, gerjun og steikingu. Þannig er ekkert „Allicin“ í Kyolic...“*

Um að útkoman sé einstök stöðluð hvítlauksafurð segir í erindi Eðalvara:

*„Í þessu tilviki felst stöðlun í því að alltaf sé sama magn virkra efna í vörunni. Venjulega eru náttúruvörur ekki staðlaðar... Nú kann að vera að framleiðandi Kyolic hafi staðlað einhverja vöruafurð en þó svo væri er ólíklegt að sú vara sé seld hér á landi. Af hverju kemur það ekki fram á umbúðum að varan sé stöðluð? Hvaða virku efni eru stöðluð og í hvaða hlutföllum?“*

## II.

### Málsmeðferð

Hinn 3. apríl var erindi Eðalvara sent Logalandi til umsagnar. Þann 1. júlí sendi Samkeppnisstofnun málsaðilum bréf þar sem m.a. var tilkynnt að sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni væri fyrirsjáanleg töf á afgreiðslu málsins. Engar athugasemdir bárust.

Umsögn Logalands um kvörtun Eðalvara, sbr. bréf stofnunarinnar frá 3. apríl, er dagsett 5. ágúst sl. Þar segir að hvítlaukurinn í Kyolic hafi frá upphafi vega verið lífrænt ræktaður. Umbúðir Kyolic hafi ávallt staðfest þetta. Þá segir í svarinu:

*„Í auglýsingu okkar er ekkert sagt um að annar hvítlaukur sé eða sé ekki, lífrænt ræktaður.“*

Í svarinu er vísað til upplýsinga framleiðanda að framleiðsla Kyolic sé einstakt tveggja ára framleiðsluferli, kaldþroskun. Hafi kaldþroskun fengið æðstu viðurkenningu sem japönsk yfirvöld veita. Þá segir að trú vísindamanna á „Allicin“ innihaldi í hvítlauksafurðum sé löngu liðin tíð og að ekkert „Allicin“ sé í unnum hvítlauksafurðum. Þá sé „Allicin“ ekki eftirsóknarvert. Það sé ekki

hollustuefni hvítlauks heldur mjög hvarfgjarnt snefilefni. Framleiðendur hafi aldrei haldið fram að Kyolic innihéldi „Allicin“. Þá segir í bréfinu:

*„Sé svo að einhver eða einhverjir hvítlauksframleiðendur (að undanskildum Kyolic, sem hefur verið staðlaður í fjölda ára) séu farnir að staðla afurð sína er það alveg nýtilkomið... Hið sanna er að Kyolic hefur verið staðlað í mörg ár. Það stendur greinilega utan á hverju einasta Kyolic glasi og á öllum glösum hinna mismunandi formúla þess. Kyolic er staðlað með S-allyl cysteine (SAC) einnig það er skýrt og merkilega ritað á allar umbúðir.“*

Með svari Eðalvara fylgdu ýmis gögn um Kyolic og áhrif „Allicin“ í hvítlauk.

### III.

#### Álit auglýsinganefndar

Á fundi ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, auglýsinganefndar, þann 11. september 1998, var meðal annars fjallað um kvörtun Eðalvara yfir auglýsingu Logalands ehf. sem birtist í Morgunblaðinu 26. febrúar 1998. Fundinn sátu: Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir.

Auglýsinganefnd telur að fyrirsögn auglýsingarinnar „*Hver er munurinn á Kyolic og öðrum hvítlauksafurðum?*“ gefi til kynna að þeir eiginleikar sem taldir eru upp í auglýsingunni séu einstakir fyrir Kyolic hvítlauksafurðina. Í gögnum málsins má sjá að auglýsandinn heldur því fram að a.m.k. sumir þeir eiginleikar Kyolic sem lýst er í auglýsingunni geti einnig átt við um aðrar hvítlauksafurðir. Upptalin atriði í auglýsingunni eru því a.m.k. ekki í öllum tilfellum einstakir eiginleikar Kyolic þrátt fyrir að fyrirsögn auglýsingarinnar gefi það til kynna.

Auglýsinganefnd telur að fyrirsögn auglýsingarinnar sé misvísandi og villandi og brjóti í bága við 21. gr. samkeppnislaga. Leggur nefndin til við samkeppnisráð að auglýsingin verði bönnuð.

#### IV. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Í máli þessu er til umfjöllunar auglýsing Logalands ehf. á Kyolic með fyrirsögninni „*Hver er munurinn á Kyolic og öðrum hvítlauksafurðum?*“. Í erindi kvartanda, Eðalvara ehf., er því haldið fram að þeir eiginleikar sem lýst er í auglýsingunni eigi við um fleiri hvítlauksafurðir en Kyolic. Við málsmeðferð hjá Samkeppnisstofnun hefur komið í ljós, m.a. í gögnum frá Logalandi, að þær upplýsingar um Kyolic sem fram koma í auglýsingunni eru a.m.k. ekki í öllum tilfellum einstakar fyrir þá hvítlauksafurð.

21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 hljóðar svo:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.*

*Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*

Samkeppnisráð er sammála því álitu auglýsinganefndar að fyrirsögn auglýsingar Logalands ehf. sé misvísandi þar sem hún gefur til kynna að verið sé að auglýsa einstaka eiginleika Kyolic. Þau atriði sem upp eru talin í auglýsingunni eiga a.m.k. í einu tilfelli einnig við aðrar hvítlauksafurðir.

Samkeppnisráð telur að fyrirsögn auglýsingarinnar sé villandi og að auglýsingin sé einnig ósanngjörn gagnvart keppinautum, þar sem ekki sé um að ræða einstaka eiginleika vörunnar. Birting auglýsingarinnar er því brot á 21. gr. samkeppnislaga.

V.  
Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Logalandi ehf., Bygggörðum 2a, Seltjarnarnesi, að birta auglýsingu á Kyolic með fyrirsögninni „*Hver er munurinn á Kyolic og öðrum hvítlauksafurðum?*“. Fyrirsögn auglýsingarinnar er villandi þar sem aðrar upplýsingar í auglýsingunni eiga ekki eingöngu við um Kyolic. Auglýsingin er því einnig ósanngjörn gagnvart keppinautum Logalands.

**Bannið tekur gildi við birtingu“**